
122. Guðmundur Ingi Guðbrandsson (Indlæg)

Forseti. Ég var ekki að reyna að troðast fram fyrir Finnann, bara svo það sé sagt. En ég tek aftur til máls fyrir hönd utanríkisráðherra Íslands sem einnig sinnir varnarmálum. Hún biður aftur að heilsa ykkur. Ég vil líka þakka Björn Arild Gram fyrir þá góðu vinnu sem farið hefur fram innan Nordefco í ár undir forystu ykkar Norðmanna og því góða samstarfi sem verið hefur á milli Nordefco- og Haga-samstarfsins sem Ísland leiðir. Nordefco-samstarfið hefur reynst dýrmætur vettvangur til þess að ræða stöðu mála, næstu skref í norræna varnarsamstarfinu, þróun öryggismála í nærumhverfi Norðurlandanna sem og öryggis- og varnarmálapólítík.

Forseti. Atburðir síðustu ára og jafnvel mánaða sýna fram á mikilvægi þess að tryggja öryggi borgara, viðbrögð við fjölþáttaógnum og viðnámsþol helstu innviða. Ég fagna því að það er algjör samstaða milli Norðurlandanna að þau haldi áfram að styrkja þetta samstarf sem mun halda áfram að þróast þegar Norðurlöndin verða öll orðin aðildarríki að Atlantshafsbandalaginu. Við norrænu ríkin þurfum að glíma við sömu ógnir og deilum sameiginlegum hagsmunum í öryggismálum þótt birtingarmyndin sé ekki ávallt hin sama. Ég vil sérstaklega nefna þrjár áskoranir sem kalla á athygli okkar núna. Í fyrsta lagi er það árásastríð Rússlands gegn Úkraínu, aukin hernaðarumsvif og hótanir sem ógna öryggi Evrópu og grafa undan alþjóðaöryggi og stöðugleika. Í öðru lagi vil ég nefna að það eru ríki sem vilja grafa undan lýðræðislegum gildum, mannréttindum og alþjóðalögum með það að markmiði að laga alþjóðakerfið að eigin þröngu hagsmunum. Líkt þenkjandi ríki verða að standa vörð um þau grunnildi sem endurspeglast í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og Norðurlöndin eru og þurfa að halda

áfram að vera öflugir málsvarar fyrir þessi grundvallargildi. Í þriðja og síðasta lagi þá hafa hraðfara loftslagsbreytingar djúpstæðar afleiðingar á frið og öryggi í heiminum. Norðurlöndin þurfa að vinna að því að efla skilning á öryggisþólitískum afleiðingum loftslagsbreytinga, bæði í okkar heimshluta sem og í alþjóðasamstarfi. Síðast en ekki síst þá er augljóst að við getum ekki tryggt öryggi og stöðugleika samfélaga nema með því að tryggja fulla þátttöku kvenna í allri stefnumótun og ákvarðanatöku í öryggis- og varnarmálum. Takk fyrir.

Skandinavisk oversettelse

President! Det var inte så att jag ville tränga mig framför den finska ledamoten, bara så jag får det sagt. Men jag ber om ordet igen för den isländska utrikesministern, som också är ansvarig för försvarsfrågor. Hon skickar igen sina hälsningar. Jag skulle också vilja tacka Björn Arild Gram för det goda arbete som har gjorts inom Nordefco i år under Norges ordförandeskap och för en bra samordning mellan Nordefco och Haga-samarbetet som just nu leds av Island. Nordefco-samarbetet har visat sig vara en värdefull plattform för diskussion om den rådande situationen, de nästa stegen i det nordiska försvarssamarbetet, säkerhetsutvecklingen i Nordens närområde samt säkerhets- och försvarsstrategi.

President! Händelser under senare år och t.o.m. månader har visat hur viktigt det är att värna medborgarnas säkerhet och säkra beredskap inför hybridhot och robustheten av våra viktigaste infrastrukturer. Det gläder mig att det råder fullständig enighet mellan de nordiska länderna om att fortsätta att öka detta samarbete, som kommer att utvecklas ännu mer när alla länderna har hunnit bli medlemmar av Nato. Vi, de nordiska länderna, möter alla samma hot och delar alla samma säkerhetsintressen, även om dessa hot och intressen inte alltid visar sig på samma sätt. Jag skulle särskilt vilja nämna tre utmaningar som nu kräver vår uppmärksamhet. Den första är Rysslands anfallskrig mot Ukraina, ökad militär aktivitet och provokationer som utgör ett hot mot Europas säkerhet och undergräver säkerhet och stabilitet globalt. För det andra finns det länder som söker att underminera

demokratiske værdene, menneskelige rettigheder og international lagstiftning med det mål at tilpasse det globale system til sine egne snævre interesser. Ligtænkende lande må værne om de grundvurderinger, som formuleres i Føirente nationernes stadga, og Norden er og må fortsætte at være kraftige forespråkere for disse grundlæggende vurderinger. For det tredje og til sidst har snabbe klimaførændringer djupgående konsekvenser for fred og sikkerhed i vørlden. De nordiske lænderne må arbejde for en økad forståelse for klimaførændringernes sikkerhetspolitiske konsekvenser, både i vør del af vørlden og i det internationale samarbejde. Sidst men ikke mindst så er det uppenbart at vi ikke kan garantere sikkerhed og stabilitet i vøre samhællen uden at sikre kvinnors fulle deltagende i både utarbejdningen af strategier og beslutningsfattende i sikkerheds- og forsvarsfråger. Tak for ordet.

Informasjon

Tale nummer

122

Type

Indlæg

Person

[Guðmundur Ingi Guðbrandsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

02.11.22 10:32